

16

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins og allt að 500000 kr. í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða, þegar lánveitingum er lokið úr sjóðnum, til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að að minnsta kesti jafnhá upphæð af ábyrgðarkröfunum sé látin niður falla.

Framlag þetta skal greitt að $\frac{1}{3}$ hluta í peningum og að $\frac{2}{3}$ hlutum í skuldabréfum Kreppulánasjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.